

í máli þessu, greiði kr. 300.00 útivistargjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

---

Mánudaginn 31. október 1960.

Nr. 141/1960. **Gunnar Ásgeirsson**  
 gegn  
**Óskari Hansen.**

Útivistardómur.

**Dómur Hæstaréttar.**

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Gunnar Ásgeirsson, er eigi sækir dómþing í máli þessu, greiði kr. 300.00 útivistargjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

---

Föstudaginn 4. nóvember 1960.

Nr. 162/1959. **Kristján Guðmundsson og**  
**Eiríkur Sigurðsson** (Sveinbjörn Jónsson hrl.)  
 og  
**Þorsteinn Jónsson og**  
**dánarbú Vilmundar Jónssonar**  
 (Guðlaugur Einarsson hdl.)  
 gegn  
**Jóni Gíslasyni** (Magnús Thorlacius hrl.)  
 og gagnsök.

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Eignardómsmál. Ítaksréttindi.

**Dómur Hæstaréttar.**

Jón Steingrímsson, sýslumaður í Mýra- og Borgarfjarðar-sýslu, og samdómendurnir Þorvaldur T. Jónsson, oddviti

í Hjarðarholti, og Þórir Steinþórsson, skólastjóri í Reykholti, hafa kveðið upp hinn áfrýjaða dóm.

Aðaláfrýjendur hafa skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 17. september 1959 og krafizt þess, að þeim verði dæmd sýkna af kröfum gagnáfrýjanda í málinu og honum dæmt að greiða þeim málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Gagnáfrýjandi hefur gagnáfrýjað málinu með stefnu 30. september 1959 og krafizt þess, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur, að undanskildu ákvæðinu um málskostnað, og að aðaláfrýjendum verði in solidum dæmt að greiða honum málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Fyrir Hæstarétti hafa verið lögð fram mörg ný skjöl. Að tilhlutan Hæstaréttar fengu aðiljar mælingamann til að gera uppdrátt af öllum hinum umdeildu engjaspildum sunnan Andakílsár, þeim sem taldar eru upp í héraðsdómi. Voru gerðir tveir uppdrættir merktir nr. VII og VIII, sem sýna sömu útmörk landspildu þeirrar, sem deilt er um í málinu. Ber að leggja þá til grundvallar dómi í málinu.

Í máli þessu hefur gagnáfrýjandi krafizt þess, að svæði það, sem á uppdráttunum er nefnt Efra-Hreppsengi og þar er afmarkað, verði dæmt eignarland hans, en viðurkennir, að aðaláfrýjendur eigi þar slægjuítak.

Fyrir norðan bæinn Innri-Skeljabrekku í Andakílshreppi og meðfram Andakílsá liggur samfelt engjasvæði, svonefndar Suðurengjar, og hafa einstakar landspildur þar verið nytjaðar til slæгна frá ýmsum jörðum í Andakíls- og Skorradalshreppum eða af einstökum aðiljum, sem öðlzt hafa réttindi til þess. Í Landnámu segir: „Þorbjörn svartí hét maðr, hann keypti land at Hafnar-Ormi inn frá Selaeyri ok upp til Forsár, hann bjó á Skeljabrekku.“ Seleyri ber enn sitt nafn og liggur sunnan Borgarfjarðar milli Hafnar og Grjóteyrar. Forsá er sú á, sem nefnist nú Andakílsá.

Af þessari frásögn Landnámu er auðsætt, að hinar umdeildu engjar hafa í öndverðu verið hluti af landi Skeljabrekku. Síðar hefur Skeljabrekkujörð verið skipt í Ytri- og Innri-Skeljabrekku, og samkvæmt landamerkjaskrá Ytri-

Skeljabrekku, dags. 20. desember 1922, og landamerkjaskrá Innri-Skeljabrekku, dags. 25. júní 1923, liggja merkin milli þessara jarða frá fjalli alla leið til Andakilsár, en hinar umdeildu engjaspildur eru austan þeirra merkja. Samkvæmt nefndri landamerkjaskrá Innri-Skeljabrekku og landamerkjaskrá Neðra-Hrepps, dags. 14. febrúar 1923, ná landamerki jarða þessara saman alla leið til Andakilsár fyrir austan hinar umdeildu engjaspildur.

Úrlausnarefni máls þessa er, hvort aðaláfrýjendur eigi fullan eignarrétt að hinni umdeildu landspildu eða eigi einungis þar „engi á annars manns jörðu“, eins og það er orðað í 22. kap. Jónsbókar.

Það er ljóst, að landspilda sú, sem mál þetta varðar, svo nefnt Efra-Hreppengi, hefur upprunalega verið hluti af Skeljabrekku, en hefur öldum saman verið nytjuð til slægna frá jörðinni Efra-Hreppi í Skorradalshreppi. Frumgögn vantar um það, hvenær umráð landspildu þessarar hafa verið skilin frá Skeljabrekku, og hvort önnur umráð landspildunnar en til slægna hafi gengið undan nefndri jörð, en önnur gögn, sem atriði þessi varða og fram hafa komið í málinu, verða nú rakin og metin.

1. Hinn 30. júní 1664 seldi Sveinn Árnason og kona hans Brynjólfi biskupi Sveinssyni „alla jörðina Efrahrepp í Skorradal og Hvanneyrarkirkjusókn meðfylgjandi átta hundraða engi á Andakíl sem kallað er Efrahreppengi, liggjandi í millum Hvanneyrarkirkjuengis og Hvammsengis, bæði engið sjálft og undirliggjandi land til ristu og stungu og allrar nauðsynlegrar brúkunar, er það engi kallað átta kúa fóður, jörðina heima 16 hundruð, engið 8 hundruð . . . . biskupinum til allrar eignar og frjálst forræðis.“

Hinn 27. apríl 1666 seldi Brynjólfur biskup Sveinsson Páli presti Gunnarssyni og konu hans jörðina Efra-Hrepp ásamt áðurgreindu engi með sama formála og hann hafði keypt eignir þessar.

Hinn 12. júní 1907 seldi Arnór prestur Þorláksson

á Hesti Ólafi presti Stephensen „eign mína Efri-Hreppsflæðiengi í svokölluðum Suðurengjum í Andakilshreppi.“ Var flæðiengið þá skilið frá jörðinni Efra-Hrepp.

Hið umdeilda flæðiengi gekk síðan kaupum og sölum, unz það komst í hendur aðaláfrýjenda með afsalsbréfi 11. júní 1941. Kveðst seljandi þá „afsala landi mínu, Efra-Hreppsengi í Skorradalshreppi“.

Orðalag afsalsbréfsins til Brynjólfs biskups Sveinsonar, „engið sjálft og undirliggjandi land til ristu og stungu“, benda helzt til ítaksréttar, enda var torfrista á þeim tíma nauðsynleg til tyrfingar og vörzlu á heyjum, en eigi er eðlilegt, þá er land er selt til fullrar eignar, að geta einstakra nytja. Um afsölin yfirleitt er það að segja, að afseljendur gátu eigi veitt afsalshöfum meiri rétt yfir hinni umdeildu landspildu en þeir höfðu sjálfir.

2. Í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vidalíns er lýsing á jörðum í Skorradalshreppi, sem skráð er 29. og 30. júní 1707 að Grund í Skorradal. Segir þar um jörðina Neðra-Hrepp: „Engjatak á jörðin á flæðiengi því, sem liggur við Andakilsá fram undan Innri Skeljabrekku og kallað er Neðrahreppsengi“. Síðan segir í Jarðabókinni um jörðina Efra-Hrepp: „Engjatak sem sagt er um Neðra-Hrepp“. Í álitsgerð prófessors Guðna Jónssonar, dags. 13. maí 1960, er með dæmum úr íslenzkri málvenju sannað, að orðið engjatak getur táknað hvort heldur engjaitak eða fullkomna eign lands, sem engi er á. Er Jarðabókin því ónýtt sönnunargagn í máli þessu.
3. Hinn 30. janúar 1840 skráði Jóhann prestur Tómasson á Bárustöðum að tilhlutan Hins íslenzka bókmenntafélags sóknarlýsingu „um Hvanneyrar og Bæjarþing“. Um jörðina Efra-Hrepp segir þar svo m. a.: „hefir greiðfær tún og gott engjaitak á flæðiengjum, sem kallaðar eru Suðurengjar“. Sóknarlýsing þessi er einhliða umsögn kunnugs manns um umráð yfir land-

spildu þeirri, sem deilt er um í máli þessu. Veitir sóknarlýsingin lítils háttar vísbendingu, en heldur eigi meira.

4. Í jarðamati 1849—50, sem gert var samkvæmt lögum og að tilhlutan stjórnvalda, segir um Efra-Hrepp: „Tún-ið fóðrar 3 kýr, greiðfært og fyrir góða hirðing fremur grasgefið, flæðiengjaitak hér um bil 200 hestar“ . . . . Hér er réttur Efra-Hrepps yfir hinni umdeildu landspildu nefndur itak. Veitir það nokkrar líkur.

Samkvæmt rökum þeim, sem greinir í héraðsdómi, verða deilur þær, sem á síðara hluta 19. aldar urðu um ágang búfjár á Suðurengjar, eigi taldar skipta máli um úrslit hér. Sama máli gegnir um girðingar, sem á fyrri hluta þessarar aldar voru settar upp á Suðurengjum.

Veiði í Andakílsá virðist lítið hafa verið stunduð undan landi því, sem deilt er um í þessu máli. Geta gögn málsins þar að lútandi eigi gefið ákveðna vísbendingu um umráð yfir landinu.

Svo sem rakið hefur verið, var hin umdeilda landspilda upprunalega hluti af Innri-Skeljabrekku. Líkur eru meiri fyrir því, að einungis slægjuítak á landspildunni hafi gengið undan nefndri jörð. Hafa aðaláfrýjendur eigi leitt sönnur að því, að þeir hafi meiri rétt til landspildunnar.

Ber því að staðfesta hinn áfrýjaða dóm.

Rétt þykir eftir atvikum, að málskostnaður fyrir Hæstarétti falli niður.

#### Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.

#### Dómur aukadómþings Mýra- og Borgarfjarðarsýslu 20. júlí 1959.

Mál þetta er höfðað með opinberri stefnu, útgefinni 3. september fyrra ár, er birtist í Lögbirtingablaðinu 13. sama mán., þingfest 10. janúar 1959, áreið fór fram 1. maí þ. á., og tekið til dóms 10. þ. m.

Forsaga þessa máls er sú, að um langan aldur hafa engjastykki, er liggja neðan við engjar jarðarinnar Innri-Skeljabrekku í Andakílsahreppi og niður að Andakílsá, verið nytjuð til slæгна frá ýms-

um jörðum í Andakíls- og Skorradalshreppum, eða af einstaklingum, er haft hafa umráð yfir þeim. Hefur eigi verið víst, hvort hér hafi verið um slægnaitök að ræða eða eignarlönd.

Engjastykkinn hafa verið þessi:

1. Stóri- og Litli-Hálsahringur, er nytjaðir hafa verið frá jörðinni Hálssum.
2. Stóri-Hringur, Þrætunef og Litli-Hringur, er nytjaðir hafa verið frá kirkjújörðinni Horni.
3. Grjóteyrarengi, er nytjað hefur verið frá Grjóteyri.
4. Neðra-Hreppsengi, er nytjað hefur verið frá jörðinni Efra-Hrepp.
5. Efra-Hreppsengi, sem nytjað hefur verið frá Efra-Hrepp að  $\frac{1}{2}$  hl., frá Mófellsstöðum að  $\frac{1}{2}$  hl., frá Mófellsstaðakoti að  $\frac{1}{2}$  hl. og af Kristjáni Guðmundssyni í Borgarnesi að  $\frac{2}{5}$  hl.
6. Kirkjuengi, sem nytjað hefur verið frá Hvanneyri.
7. Hvammsengi, er nytjað hefur verið af Haraldj Á. Sigurðssyni í Reykjavík.
8. Miðfossaengi, er nytjað hefur verið frá Miðfossum.
9. Fossaoddi, er nytjaður hefur verið frá Syðstufossum.
10. Fit, er nytjuð hefur verið frá Innri-Skeljabrekku.

Er lög um ítök nr. 113 29. desember 1952 gengu í gildi, auglýsti sýslumaður Mýra- og Borgarfjarðarsýslu eftir því, að þeir, er ítök ættu í jarðir í sýslunum, lýstu ítökunum fyrir honum.

Bárust honum þá lýsingar frá eftirtöldum mönnum:

1. Guðlaugi Einarssyni, hdl. í Reykjavík, vegna Þorsteins Jónssonar, bónda í Efra-Hrepp, fyrir Neðra-Hreppsengi og hluta hans af Efra-Hreppsengi.
2. Kristjáni Guðmundssyni fyrir hluti hans og þeirra Eiríks Sigurðssonar í Mófellsstaðakoti og Vilmundar Jónssonar, Mófellsstöðum, af Efra-Hreppsengi.
3. Kristjáni Guðmundssyni vegna Haralds Á. Sigurðssonar fyrir Hvammsengi.
4. Guðjóni B. Gíslasyni fyrir Fossaodda.
5. Óskari B. Hjartarsyni vegna eigenda Grjóteyrar fyrir Grjóteyrarengi.
6. Guðmundi Jónssyni vegna eiganda Hvanneyrar fyrir Kirkjuengi.

Var öllum þessum landspildum fyrst og fremst lýst sem eign, en til vara sem ítökum, og er legu þeirra lýst þannig, að þær séu á Suðurengjum.

Sýslumaður sendi síðan eigendum jarðanna Innri- og Ytri-

Skeljabrekku með bréfi 4. ágúst 1954 afrit af lýsingum þessum, og mun hann hafa talið sér skylt að senda eigendum beggja jarðanna lýsingarnar, þar sem eigi var lýst ítökum í ákveðna jörð. Með bréfi, dags. 17. marz 1955, tilkynnti svo Magnús Thorlacius, hrl. í Reykjavík, sýslumanni vegna Jóns Gíslasonar, bónda á Innri-Skeljabrekku, að greindur eignarréttur og ítakskröfur í land Innri-Skeljabrekku væru vefengdar.

Lá mál þetta svo niðri þar til í ágúst 1958, að Jón Gíslason setti laxveiðilögn í Andakílsá fyrir Neðra-Hreppsengi. Krafðist þá Þorsteinn Jónsson í Efra-Hrepp, að lagt yrði lögbann við starfrækslu lagnarinnar, og var það gert með lögbannsgerð, er fram fór 12. ágúst 1958. Höfðaði hann síðan mál til staðfestingar lögbanninu með stefnu 18. s. m. Skömmu síðar höfðaði svo stefnandi mál þetta.

Dómkröfur stefnanda eru þær, að viðurkenndur verði eignarréttur hans að svokölluðu Efra-Hreppsengi og að stefndu verði dæmdir til að greiða honum málskostnað að skaðlausu.

Stefndu gera þær kröfur, að þeir verði sýknaðir af kröfum stefnanda og þeim tildæmdur málskostnaður eftir mati réttarins.

Málflutningsmaður stefndu, er við þingfestingu málsins féllst á, að það yrði rekið sem áreiðar- og vettvangsmál, hefur undir rekstri málsins hreyft því, að það bæri að reka sem landamerkmál, og þar sem svo hefði eigi verið gert, bæri að vísa því frá ex officio.

Rétturinn lítur svo á, að það, sem um er deilt í þessu máli, sé það, hvort landspildan Efra-Hreppsengi sé slægjuítak eða eignarland. Fyrir réttinum hefur ekkert komið fram, er bendir til þess, að ágreiningur sé um ummerki þessa landssvæðis. Virðist af því leiða, af með mál þetta eigi að fara eftir 3ja kafla laga um landamerki nr. 41/1919, og er þá eigi ástæða til að vísa því frá.

Þá hefur málflutningsmaður stefndu hreyft því, að stefnanda brysti fullkomna eignarheimild fyrir jörðinni Innri-Skeljabrekku. Telur hann, að er faðir stefnanda, Gísli Jónsson, fékk afsal fyrir jörðinni 22. júní 1937 frá Jóni Hannessyni fyrir hönd Guðrúnar Jónsdóttur í Bæ, hafi hún eigi verið eigandi jarðarinnar, heldur sonur hennar, Andrés Björnsson frá Bæ.

Undir rekstri málsins hefur málflutningsmaður stefnanda lagt fram yfirlýsingu Andrésar Björnssonar um það, að móðir hans hafi haft fullt og ótakmarkað umboð hans til að afsala jörðinni

til Gísla Jónssonar. Einnig er alkunnugt, að Jón Hannesson, bóndi í Deildartungu, var fjárhaldsmaður Guðrúnar Jónsdóttur frá Bæ.

Verður því vefenging stefndu á eignarheimild stefnanda fyrir jörðinni Innri-Skeljabrekku eigi tekin til greina.

Rétturinn lítur svo á, að eigi séu framkomnar, hvorki af hálfu stefnanda né stefndu, neinar ótvíræðar sannanir, er sanni eða afsanni, að landspildan Efra-Hreppsengi sé slægjuítak í land jarðarinnar Innri-Skeljabrekku.

Hins vegar hafa málfærslumenn aðilja fært fram ýmis rök til stuðnings málstað sínum hvor um sig, og skulu þau rök og gagnrök nú rakin.

1. Stefndandi telur sig færa rök fyrir því, að Efra-Hreppsengi og aðrar þær landspildur, er liggja niður af engjum Innri-Skeljabrekku og niður að Andakílsá, séu allar innan landamerkjanna Innri-Skeljabrekku. Bendir hann á í því sambandi, að landamerkjabréfum Innri- og Ytri-Skeljabrekku beri saman um það, að lönd jarðanna liggi saman alla leið niður í Andakílsá, en af því leiði, að landspildur þær, er liggja ofan þessarar merkjalínu, geti eigi verið innan landamerkjanna Ytri-Skeljabrekku. Loks bendir hann á, að samkvæmt dómsskjali nr. 8 eigi jörðin Hálsar „2 engi í Skeljabrekkujörðu hinni eystri“, og enn fremur eigi Varmlækjarkirkja „engi, er kallað er Breiðafit, er liggur í Skeljabrekkujörðu“.

2. Stefndandi viðurkennir að vísu, að Efra-Hreppsengi hafi um langan tíma verið notað til slægna af stefndu. Hins vegar mótmælir hann því, að stefndu hafi nokkru sinni stundað þar veiðar að staðaldri. Þá fullyrðir hann, að engi þetta og önnur engjastykki á þessum slóðum hafi verið notuð til beitara frá Innri-Skeljabrekku um mjög langan tíma. Hefur hann leitt sem vitni að þessu feðgana Sigvalda Jónsson, bónda í Ausu, og syni hans, Jón og Benedikt, og enn fremur fyrri eigendur Innri-Skeljabrekku, þá Andrés Björnsson og Einar Þórðarson. Loks fullyrðir hann, að hann hafi stundað silungs- og laxveiði í lögn fyrir Efra-Hreppsengi árin 1954 eða 1955 og haft þá lögn lögleyfðan tíma. Hefur hann því til sönnunar lagt fram á dómsskjali nr. 29 vottorð ríkisskattaneftdar, er sýnir, að hann hefur talið fram tekjur af silungs- og laxveiði öll árin 1945—1956.

3. Stefndandi bendir á það, að samkvæmt útdrætti úr Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, er hann hefur lagt fram á dómsskjali nr. 5, eigi jörðin Efri-Hreppur „engjatak á

flæðiengi því, sem liggur við Andakílsá fram undan Innri-Skeljabrekku og kallað er Efra-Hreppsengi“. Telur hann, að orðið „engjatak“ sé hér notað í sömu merkingu og orðið „engjaítak“. Hefur hann lagt fram á dómsskjali nr. 31 álit prófessors Ólafs Lárussonar, þar sem hann lætur í ljósi þá skoðun, að orðið „engjatak“ sé sömu merkingar og orðið „engjaítak“.

4. Stefndu mótmæla því, að Efra-Hreppsengi sé innan landamerkja Innri-Skeljabrekku og benda á, að þess sé hvergi getið, að Suðurengjar séu í Innri-Skeljabrekkulandi, heldur framundan því.

5. Stefndu mótmæla því, að stefnandi hafi notað Efra-Hreppsengi til beitar, en viðurkenna, að búfénaður hans hafi rásað um landið.

Þá hafa þeir lagt fram á dómsskjölum 17, 18 og 19 útskriftir úr dómsmálabókum Mýra- og Borgarfjarðarsýslu frá árunum 1871—1876, er sýna, að þá hafa verið uppi þrætur út af ágangi búpenings á engjastykki á Suðurengjum. Árið 1871 þinglýsa Skorrðælingar og Andkílingar banni við að beita skepnum á Suðurengjar, og einnig eru þar sáttagerðir út af slíkum ágangi.

6. Stefndu mótmæla því, að orðið „engjatak“ sé sömu merkingar og „engjaítak“. Jafnframt leggja þeir fram á dómsskjali 41 óundirskrifaðan útdrátt úr orðabók Háskólans, er á að sýna mismunandi merkingu orðsins „engjatak“.

7. Stefndu telja, að með framlagningu afsala á dómsskjölum nr. 15 og 16 hafi þeir fært fullar sönnur á, að Efra-Hreppsengi sé fullkomin eign þeirra. Skírskota þeir til þess, að í afsölunum standi ekkert, er bendi til þess, að verið sé að selja slægjuítak, en eigi eignarland, og hafi afsölunum verið þinglýst án mótmæla.

8. Þá hafa stefndu lagt fram greinargerð um girðingar á Suðurengjum á dómsskjali nr. 35.

9. Loks hefur stefnandi lagt fram sem dómsskjal nr. 8 klausu úr kaupbréfi, dags. 16. apríl 1666, er Brynjólfur biskup Sveinsson selur jörðina Efra-Hrepp „með 8 hndr. engi í Andakíl, sem kallað er Efra-Hreppsengi, með nauðsynlegri ristun og stungu og allri þarflegri brúkun“. Enn fremur hafa stefndu lagt fram sem dómsskjal nr. 40 kaupbréf til Brynjólfs Sveinssonar, dags. 30. júní 1664, er hann kaupir „alla jörðina Efra-Hrepp meðfylgjandi 8 hndr. engi á Andakíl, sem kallað er Efra-Hreppsengi, bæði engið sjálft og undirliggjandi land til ristun og stungu og allrar nauðsynlegrar brúkunar“.

Rétturinn verður að líta svo á, að er athuguð er ljósmynd úr lofti, er lögð hefur verið fram sem dómsskjal nr. 4 í málinu, komi í ljós, að sterkar líkur séu fyrir því, að engjalönd þau, og þar á meðal Efra-Hreppsengi, er liggja frá engjalöndum Innri-Skeljabrekku niður að Andakílsá á nokkurs konar nesi, er áin myndar, hafi upphaflega verið innan landamerkjja Innri-Skeljabrekku. Styður þessa ályktun upplýsingar um, að árið 1369 (öllu heldur 1399) hafi Stóri- og Litli-Hálsahringur verið í landi Eystri-Skeljabrekku (nú Innri-Skeljabrekku), og Breiðafit (nú Brekkufit) í landi Skeljabrekkujarðar. Loks bendir til þess sama, að samkvæmt landamerkjabréfum jarðanna Ytri- og Innri-Skeljabrekku er landamerkjum milli þeirra lýst svo, að þau liggja eftir stokk milli Konuengis og Brúarengis í Andakílsá, og væri þá, ef Grjóteyrarengi, Stóri-Hálsahringur og Efra-Hreppsengi eigi væru innan landamerkjja Innri-Skeljabrekku, merkjum lýst lengra niður en land Innri-Skeljabrekku þá mundi ná.

Samkvæmt Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, en útdráttur úr henni er lagður fram á dómsskjali nr. 5, hefur Efra-Hreppsengi á þeim tíma verið skilgreint sem engjatak, og verður rétturinn að líta svo á, að merking þess orðs sé hin sama og þar hefði staðið engjaitak.

Engið hefur um langan tíma verið notað þannig, að eigendur þess hafa nytjað það sjálfir til slægna eða leigt það öðrum. Hins vegar má telja sannað, að ábúandi Innri-Skeljabrekku hafi um langt árabil hagnýtt sér landið til beitar, einkum vor og haust, eða á þeim tíma, sem landeiganda er heimilt að notfæra sér beit á slægjuítaki. Fyrr á tímum, nánar tiltekið á tímabilinu frá 1871—1876, samanber dómsskjal nr. 17—19, virðist hafa verið nokkur ágangur á Suðurengjar, og hafa Skorrdælingar og Andkílingar þinglýst banni á beit þar. Verður þó eigi séð, af hverjum það bann er sett og gegn hverjum því er beint, né hvort þáverandi eigandi Innri-Skeljabrekku hafi verið aðili að banninu. 1874 og 1876 koma fyrir rétt klögumál út af ágangi búfjár á engjastykkinn. En árið 1874 tekur þáverandi eigandi Innri-Skeljabrekku á sig kvöð um vörzlu engjastykkjanna. Loks ber að geta þess, að eigi verður séð, hvort ágangur þessi átti sér stað fyrir eða eftir fardaga hvort árið.

Samkvæmt dskj. nr. 35 hafa á ýmsum tímum verið settar girðingar um og milli engjastykkjanna, en sjaldnast staðið lengi, enda örðugt að halda þeim við vegna sjávarágangs. Virðast girðingar þessar hafa verið vírgirðingar, en eigi er upplýst, hve margra

strengja þær hafa verið. Má jafna girðingum þessum við löggarð samkvæmt 22. kap. landsleigubálkar Jónsbókar, og var þá slægjuítakshafa heimilt að setja þær upp, ef hann hafði hlið á girðingunni, er opið væri frá því fjórum vikum fyrir vetur og þar til sex vikur voru liðnar af sumri.

Þótt í dómsskjölum nr. 8 og 40 sé tilgreint, að Efra-Hreppsengi sé selt „með nauðsynlegri ristu og stungu og allri þarflegri brúkun“ og „bæði engið sjálft og undirliggjandi land til ristu og stungu og allrar nauðsynlegrar brúkunar“, verður eigi talið, að orðalag þetta útiloki, að engið þá hafi verið slægjuítak, því í fyrrgreindum orðum felst aðeins það, að tryggð séu þau réttindi, sem nauðsynlegt er að hafa til þess að geta haft full not af slægjuítakinu.

Krafa stefndu um, að viðurkenndur verði fullkominn eignarréttur þeirra á Efra-Hreppsengi vegna þess, að í afsölunum á dómsskjölum nr. 15 og 16 sé ekkert, er bendi til, að verið sé að selja slægjuítök, en eigi eignarland, verður eigi tekin til greina, þar sem seljendur gátu eigi afsalað kaupendum meiri rétti en þeir áttu.

Samkvæmt framansögðu verður rétturinn að líta svo á, að svo nefnt Efra-Hreppsengi sé slægjuítak, eign Kristjáns Guðmundssonar, Eiríks Sigurðssonar, dánarbús Vilmundar Jónssonar og Þorsteins Jónssonar, en landið undir því sé innan landamerkja jarðarinnar Innri-Skeljabrekku og því eign eiganda hennar, Jóns Gíslasonar, bónda þar.

Ber því að taka dómkröfur stefnanda til greina og viðurkenna rétt hans að landi því, er Efra-Hreppsengi er á, en jafnframt ber að viðurkenna slægjuítak stefndu í landið.

Kostnaður við dóminn ákveðst þannig:

- |  |       |           |
|--|-------|-----------|
| 1. Ferðakostnaður og dvalarkostnaður dómenda | kr.   | 500.00    |
| 2. Kaup meðdómenda (6 dagar hvor)            | ..... | — 1200.00 |

---

Samtals kr. 1700.00

og virðist eftir atvikum rétt að dæma málsaðilja til að greiða þann kostnað að hálfu hvorn. Að öðru leyti fellur málskostnaður niður.

#### Dómsorð:

Viðurkenndur er eignarréttur stefnanda, Jóns Gíslasonar, bónda á Innri-Skeljabrekku, að landi því, er Efra-Hreppsengi er á. Jafnframt er viðurkennt, að stefndu, Kristján Guð-

mundsson, afgreiðslumaður í Borgarnesi, Eiríkur Sigurðsson, bóndi í Mófellsstaðakoti, dánarbú Vilmundar Jónssonar, Mófellsstöðum, og Þorsteinn Jónsson, bóndi í Efri-Hrepp, eiga slægjuítak í land þetta.

Kostnaður við dóminn, samtals kr. 1700.00 — eitt þúsund og sjö hundruð — krónur, greiða málsaðiljar að hálfu hvor, stefndu sinn hluta in solidum.

Að öðru leyti fellur málskostnaður niður.

Dóminum ber að fullnægja innan 14 daga frá birtingu að viðlagðri aðför að lögum.

---

Föstudaginn 11. nóvember 1960.

Nr. 118/1960. **Arnbjörn Óskarsson og Sigfús Bjarnason**

gegn

**Guðlaugi Einarssyni**

og

**Hulda Ásgeirsdóttir**

gegn

**Guðlaugi Einarssyni og Axel Eyjólfssyni**

og

**Axel Eyjólfsson**

gegn

**Huldu Ásgeirsdóttur, Arnbirni Óskarssyni og Sigfúsi Bjarnasyni.**

Dómenndur:

hæstaréttardómararnir Þórður Eyjólfsson, Árni Tryggvason, Jónatan Hallvarðsson og Lárus Jóhannesson og Ármann Snævarr prófessor.

Málflutningsfrestur.

### Úrskurður Hæstaréttar.

Er mál þetta skyldi flutt munnlega fyrir Hæstarétti í dag, óskaði stefndi, Guðlaugur Einarsson héraðsdómslögmaður, fyrir sína hönd og gagnáfrýjanda, Axels Eyjólfssonar, eftir fresti til vitnaleiðslu og aðiljayfirheyrslu. Af